

USK25010025

**Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um  
embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar  
og fundarsköp borgarstjórnar.**

Ár 2025, mánudaginn 16. október kl. 11.10 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 47. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 3. hæð, Saltvík. Fundinn sátu: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir.  
Fundarritari var Magnús Ársælsson

**Þetta gerðist:**

***Tillaga um bann við akstri vörubifreiða í Bröttugötu***

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:  
Að akstur vörubifreiða sé bannaður í Bröttugötu.

**Samþykkt**

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

**Fundi slitið kl. 11:11**  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir



**Viðtakandi:** Samgöngustjóri  
**Sendandi:** Deild samgangna

Reykjavík, 16. október 2025  
USK25010001

## TILLAGA

### *Tillaga um bann við akstri vörubifreiða í Bröttugötu*

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að akstur vörubifreiða sé bannaður í Bröttugötu.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:


Ítrekað hafa orðið ákeyrslur á húseignina að Aðalstræti 10, sem er í umsjón Borgarsögusafns Reykjavíkur. Húsið, sem stendur við gatnamót Aðalstrætis og Bröttugötu, er elsta hús á föstu landi Reykjavíkur skv. Minjavernd, og hefur því verulegt sögulegt og menningarlegt gildi. Gatnamót Aðalstrætis og Bröttugötu eru mjög þröng og rúma illa akstursferla stærri ökutækja, sem veldur því að ekið er á húsið með reglulegu millibili sem hefur valdið skemmdum á ytra byrði hússins.

Endurtekin tilvik ákeyrslna fela í sér bæði öryggis- og varðveisluhættu, þar sem húsið er viðkvæmt vegna aldurs og byggingarefna. Bann við akstri vörubifreiða í Bröttugötu mun draga úr hættu á frekari skemmdum á Aðalstræti 10 og tryggja að sögulegt gildi hússins og svæðisins sé verndað, án þess að skerða aðgengi um of eða trufla ásýnd svæðisins. Vöruafhendingarstæði er afmarkað í Aðalstræti við Ingólfstorg, í næsta nágrenni við það svæði sem um ræðir og er ætlað undir vöruafhendingu til rekstaraðila sem þarna eru.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,  
Bjarni Rúnar Ingvarsson  
*Deild samgangna*

Hjálagt: Yfirlitsmynd af Bröttugötu með fyrirhuguðum merkingum





## RE\_ Sérákvæði - Tillaga um bann við akstri vörubifreiða í Bröttugötu

|                |                                                                                                                               |
|----------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Móttekið       | 16.10.2025 09:47:32                                                                                                           |
| Búið til dags. | 16.10.2025 10:12:10                                                                                                           |
| Tilheyrir      |  USK25010001 - Sérákvæði um notkun vega 2025 |
| Frá            | Árni Friðleifsson (arni.fridleifsson@lrh.is)                                                                                  |
| Til            | Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is, logi.sigurjonsson@lrh.is, lrh@lrh.is                                                          |

### Innihald

Góðan daginn

Samþykkt án athugasemda.

#### Árni Friðleifsson

Aðstoðaryfirlögregluþjónn  
*Umferðardeild*

[arni.fridleifsson@lrh.is](mailto:arni.fridleifsson@lrh.is)



[UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI](#)

**Lögreglustjórinn á  
höfuðborgarsvæðinu**  
Hverfisgötu 113-115  
105 Reykjavík

[lrh@lrh.is](mailto:lrh@lrh.is)  
[4441000](#)



TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

 **Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er  
prentaður / Please consider the environment before printing**

---

**From:** Magnús Ársælsson <Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is>  
**Sent:** 16.10.2025 09:37  
**To:** Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>; Logi Sigurjónsson <logi.sigurjonsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>  
**Cc:** Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>; Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>; Rebekka Guðmundsdóttir <Rebekka.Gudmundsdottir@reykjavik.is>  
**Subject:** Sérákvæði - Tillaga um bann við akstri vörubifreiða í Bröttugötu

Góðan daginn

Reykjavíkurborg óskar eftir samþykki lögreglunnar á meðfylgjandi sérákvæði um umferð.

Kveðja



**Magnús Ársælsson**

Sérfræðingur

---

Sími: +354 411-1111

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Borgartúni 12–14 105 Reykjavík

Reglur um trúnað í  
tölvupóstsamskiptum [www.reykjavik.is/trunadur](http://www.reykjavik.is/trunadur)



---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>